



Persónuverndaryfirlýsing Læknafélags Íslands

Almennt

Læknafélagi Íslands, kt. 450269-2639, Hlíðarsmára 8, Kópavogi, er annt um friðhelgi einstaklinga og tekur persónuvernd mjög alvarlega. Læknafélag Íslands leggur mikla áherslu á að meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf.

Í þessari persónuverndaryfirlýsingu má sjá hvaða persónuupplýsingum Læknafélag Íslands safnar um einstaklinga og í hvaða tilgangi. Þá má hér finna upplýsingar um aðra viðtakendur upplýsinganna og hvað þær eru geymdar lengi. Auk þess má hér finna upplýsingar um á hvaða grundvelli Læknafélag Íslands safnar persónuupplýsingum, hvaða réttinda einstaklingar njóta og fleiri mikilvægar upplýsingar sem tengjast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (hér eftir persónuverndarlög).

Hvað eru persónuupplýsingar og vinnsla persónuupplýsinga?

Með persónuupplýsingum er átt við allar upplýsingar sem hægt er að rekja til tiltekins einstaklings, svo sem upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, netfang, símanúmer, fjárhag, heilsufar, IP tölu og fleira. Í 2. og 3. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er að finna nánari skilgreiningu á persónuupplýsingum.

Með viðkvæmum persónuupplýsingum er átt við persónuupplýsingar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndarlögum s.s. upplýsingar um þjóðernisuppruna eða kynþátt, stjórn mála- og trúarskoðanir, stéttarfélagsaðild, erfðagögn, heilsu, kynlíf eða kynhneigð.

Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við alla meðferð og notkun persónuupplýsinga svo sem söfnun, skráningu, varðveislu, breytingu eða eyðingu. Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er að finna nánari skilgreiningu á vinnslu persónuupplýsinga.

Hvernig vinnur Læknafélag Íslands persónuupplýsingar?

Hjá Læknafélagi Íslands fer vinnsla persónuupplýsinga fram á lögmætum grundvelli og í samræmi við persónuverndarlög. Læknafélag Íslands gætir jafnframt að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar frekar á þann hátt að vinnslan sé ósamrýmanleg upprunalegum tilgangi vinnslunnar. Læknafélag Íslands gætir að því að farið sé að eftirfarandi meginreglum:

- 1) Að persónuupplýsingar séu unnar með sanngjörnum hætti.
- 2) Að persónuupplýsingum sé einungis safnað í skýrum tilgangi.

- 3) Að ekki sé safnað meiri persónuupplýsingum en nauðsynlegt er.
- 4) Að persónuupplýsingar séu nákvæmar og uppfærðar þegar þörf krefur.
- 5) Að persónuupplýsingar séu ekki geymdar lengur en þörf er á.
- 6) Að gætt sé að öryggi persónuupplýsinga með viðeigandi varúðarráðstöfunum.

Sjálfvirk ákvarðanataka

Sjálfvirk ákvarðanataka er það ferli þegar tekin er ákvörðun með sjálfvirkum hætti án nokkurrar mannlegrar aðkomu. Slíkar ákvarðanir geta verið byggðar á persónusniðum, þ.e. þegar persónuupplýsingar eru notaðar til að meta ákveðna þætti er varða hagi einstaklings, einkum að greina eða spá fyrir um þætti er varða frammistöðu hans í starfi, fjárhagsstöðu, heilsu, o.fl. Dæmi um sjálfvirka ákvarðanatöku væri ef ákvörðun um lánveitingu í gegnum vefsíðu byggði eingöngu á lánshæfismati.

Ekki fer fram sjálfvirk ákvarðanataka við vinnslu persónuupplýsinga hjá Læknafélagi Íslands.

Um hverja safnar Læknafélag Íslands persónuupplýsingum?

Í starfsemi Læknafélags Íslands er nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga. Þær persónuupplýsingar sem Læknafélag Íslands hefur undir höndum geta verið um starfsmenn þess, viðsemjendur, viðskiptavinir og aðra þriðju aðila sem nauðsynlegt er að eiga samskipti við.

Hvaða persónuupplýsingum safnar Læknafélag Íslands?

Læknafélag Íslands safnar ólíkum persónuupplýsingum um mismunandi hópa einstaklinga eftir því um hvaða starfsemi er að ræða. Undir öllum kringumstæðum leitast Læknafélag Íslands við að safna einungis þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar.

Í ákveðnum tilvikum þurfum að safna viðkvæmum persónuupplýsingum, svo sem upplýsingum um heilsufar og aðild að stéttarfélagi starfsmanna. Sérstök aðgát er höfð við meðferð slíkra upplýsinga.

LÍ safnar eftirfarandi persónuupplýsingum um félagsmenn sína:

Almennt: Nafn, kyn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang. Aðildarfélag innan Læknafélags Íslands sem félagsmaður felur atkvæði sitt á aðalfundi.

Vegna hóprýggingar lækna: Listar frá váttryggingasala hóprýggingar með nöfnum, kennitölum og heimilisfangi lækna sem samið hafa við váttryggingasala um að vera þátttakendur í hóprýggingunni ásamt tegundum trygginga sem hver læknir óskar yfir og iðgjaldi hverrar tryggingar.

Vegna Fjölskyldu- og styrktarsjóðs (FOSL): Bankaupplýsingar vegna útgreiðslu styrkja. Iðgjaldaupplýsingar um félagsmenn sem berast frá launagreiðanda eru varðveittar sem og styrkveitingasaga félagsmanns að því marki sem úthlutunarreglur gera það nauðsynlegt.

Vegna umsókna úr FOSL eru öll gögn sem umsækjandi þarf að leggja inn vegna umsóknar varðveitt meðan umsóknin er í vinnslu. Eftir að umsókn hefur verið afgreidd með styrkveitingu er umsókn og gögn sem jákvæð afgreiðsla byggist á varðveitt upp að því marki sem bókhaldsreglur krefjast. Sé umsókn hafnað er öllum umsóknargögnum eytt.

Vegna Orlofssjóðs (OSL): Iðgjaldaupplýsingar um félagsmenn sem berast frá launagreiðanda eru varðveittar sem og úthlutunarsaga, m.a. vegna utanumhalds um punktastöðu félagsmanns gagnvart OSL. Upplýsingar um kvartanir frá umsjónarmanni orlofshúss vegna slæmrar umgengni.

Aðstoð við félagsmenn: Leiti félagsmenn til framkvæmdastjóra Læknafélags Íslands eða lögfræðings um aðstoð eru meðan á meðferð máls stendur varðveittir tölvupóstar, samskiptasaga, ráðningarsamningar og launaseðlar eftir því sem við á hverju sinni. Þessum gögnum er eytt eftir að málið er afgreitt nema lög eða reglur krefjist að þau séu varðveitt.

Læknafélag Íslands safnar og vinnur með eftirfarandi flokka persónuupplýsinga um starfsmenn, leigutaka og birgja:

Tölvupóstssamskipti

Við notum m.a. tölvupóst til að eiga í samskiptum við umsækjendur, viðskiptavini og tengiliði og söfnum í þeim tilgangi tengiliðaupplýsingum ásamt samskiptunum sjálfum.

Samningar

Í þeim tilgangi að gera samninga við viðskiptamenn og aðra, söfnum við grunnupplýsingum um þá.

Reikningagerð

Í þeim tilgangi að senda út reikninga og innheimta greiðslur, söfnum við grunnupplýsingum um viðskiptamenn ásamt reikningsupphæð.

Söfnun persónuupplýsinga um börn.

Læknafélag Íslands hvorki skráir né safnar, vinnur né geymir persónuupplýsingar um börn yngri en 18 ára nema í þeim tilvikum þar sem slíkt er nauðsynlegt til að geta greitt út bætur vegna andláts, veikinda eða slyss.

Söfnun persónuupplýsinga vegna útgáfu Læknablaðsins:

Ut anumhald um áskrifendur: Nafn og netfang.

Innsendar greinar: Nafn höfundar, starfstíll, starfsstaður, efni greinar.

Samþykktareyðublöð sjúklunga vegna nafnbirtingar í fræðigreinum: Nafn sjúklings, efni greinar, heiti greinar, nafn höfundar, staður, dagsetning, kennitala, vottur (nafn og kennitala).

Auglýsingar: Nafn þess sem biður um og kaupir auglýsingu í blaðinu og nafn auglýsanda (lögaðili).

Upplýsingar um starfsfólk á heimasíðu Læknablaðsins: Nafn, netfang, starfstíll og símanúmer.

Tilgangur með söfnun persónuupplýsinga

Tilgangurinn með söfnun upplýsinganna er að:

- Geta efnt samningsskyldu, til dæmis við starfsmenn.
- Geta veitt ákveðna þjónustu, t.d. við félagsmenn.
- Gæta að lögmætum hagsmunum Læknafélags Íslands.
- Gæta að lögmætum hagsmunum félagsmanna.
- Uppfylla lagaskyldu.
- Gera starfsmönnum Læknafélags Íslands kleift að framkvæma kannanir og talnaúrvinnslu, svo sem vegna launaþróunar og til að geta gert launasamanburð starfsgreina.
- Geta átt samskipti við félagsmenn með símtölum, tölvupósti og/eða bréfpósti.
- Afgreiðsla umsókna til sjóða Læknafélags Íslands og greiðsla styrkja sem samþykkt hefur verið að greiða.
- Úthlutun orlofshúsa og innheimta leigugjalds fyrir þau.
- Gera starfsfólki Læknafélags Íslands kleift að sækja samningsbundinn rétt félagsmanns á því sem samið er um í kjarasamningi.
- Koma í veg fyrir endurtekna slæma umgengi í orlofshúsum Læknafélags Íslands.
- Gefa félagsmönnum kost á því að kjósa formann Læknafélags Íslands og stjórnir aðildarféлага Læknafélags Íslands og auðvelda frambjóðendum að ná til félagsmanna.
- Gera félagsmönnum mögulegt að kjósa þegar til kosninga um verkfallsboðun og kjarasamninga kemur.
- Kynna nýjum félagsmönnum starfsemina. Halda utan um áskrifendur Læknablaðsins.
- Halda uppi fræðilegri umfjöllun um læknavísindi.
- Tryggja að einstaklingar hvers læknisfræðilegs tilfellis sem fjallað er um í fræðigreinum er birtast í Læknablaðinu hafi veitt samþykki sitt fyrir umfjölluninni.
- Fá greitt fyrir auglýsingar sem birtast í Læknablaðinu.
- Gera ritstjórn Læknablaðsins og annað starfsfólk aðgengilegt almenningi.

Lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Læknafélag Íslands safnar og vinnur persónuupplýsingar á eftirfarandi lagagrundvelli:

- Til að uppfylla lagaskyldu.

- Til að uppfylla samningsskyldu.
- Á grundvelli samþykkis einstaklinga.
- Til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfu.

Hve lengi geymir Læknafélag Íslands persónuupplýsingar?

Læknafélag Íslands geymir persónuupplýsingar einungis í þann tíma sem nauðsynlegt er fyrir félagið að hafa þær undir höndum. Þegar ekki er þörf fyrir að hafa persónuupplýsingar undir höndum lengur eyðir félagið þeim með öruggum hætti.

Efni sem verður til við rafræna vöktun er geymt í samræmi við reglur um rafræna vöktun nr. 837/2006. Að öðru leyti eru persónuupplýsingar hjá Læknafélag Íslands geymdar í þann tíma sem nauðsynlegt er fyrir félagið að hafa þær undir höndum.

Frá hverjum safnar Læknafélag Íslands persónuupplýsingum?

Þá safnar Læknafélag Íslands að meginstefnu til persónuupplýsingum beint frá þeim einstaklingum sem um ræðir en styðst einnig við opinberar skrár og upplýsingar frá öðrum stjórnvöldum í vinnslu sinni. Þegar og ef upplýsingum er safnað frá öðrum þriðju aðilum reynir félagið eftir fremsta megni að upplýsa viðkomandi um það.

Hvenær miðlar Læknafélag Íslands persónuupplýsingum til þriðju aðila og af hverju?

Læknafélag Íslands miðlar persónuupplýsingum til þriðju aðila sem eru ráðnir af félaginu til að vinna fyrir fram ákveðna vinnu, svo sem þjónustuveitendur, sem sjá um að geyma gögn meðal annars og verktakar. Í þeim tilfellum gerir félagið vinnslusamning við viðkomandi aðila. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að fylgja fyrirmælum félagsins um meðferð persónuupplýsinga og er þeim óheimilt að nota þær í öðrum tilgangi. Jafnframt ber þeim skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með viðeigandi hætti.

Í öðrum tilvikum getur einnig verið nauðsynlegt fyrir félagið að miðla persónuupplýsingum til þriðju aðila, til dæmis þegar skylda stendur til þess samkvæmt lögum.

Flutningur persónuupplýsinga út fyrir Evrópska efnahagssvæðið

Læknafélag Íslands er kunnugt um að ströng skilyrði gilda um flutning persónuupplýsinga til ríkja sem staðsett eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Læknafélag Íslands gerir það ekki undir neinum kringumstæðum nema fullnægjandi heimild standi til þess samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Öryggi upplýsinganna

Læknafélag Íslands leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra öryggisráðstafana til að tryggja öryggi persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Felur það meðal annars í sér að aðeins þeir starfsmenn hafa aðgang að persónuupplýsingum sem þess þurfa starfs síns vegna.

Auk þess stuðlar félagið að aukinni vitundarvakningu hjá starfsmönnum með reglulegri þjálfun og fræðslu um hvernig gæta skal að öryggi persónuupplýsinga.

Réttindi einstaklinga

Hafi einstaklingar veitt samþykki fyrir vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga eiga þeir rétt samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er. Sá réttur hefur þó ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fram fór áður en samþykki var afturkallað. Þá njóta þeir einnig annarra réttinda, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá og réttar til að flytja eigin upplýsingar. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Samskiptaupplýsingar Læknafélags Íslands

Nafn: Læknafélag Íslands

Heimilisfang: Hlíðarsmára 8, 200 Kópavogi.

Netfang: lis@lis.is

Símanúmer: 564-4100

Persónuverndarfulltrúi

Hafi einstaklingar frekari spurningar um persónuverndaryfirlýsingu þessa geta þeir ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúann okkar. Þetta eru samskiptaupplýsingarnar hjá honum:

Nafn: Dattaca Labs Iceland ehf.

Heimilisfang: Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík.

Netfang: dpo@dattacalabs.com.

Símanúmer: 517 3444.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd

Dragi einstaklingar í efa að Læknafélag Íslands meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 hafa þeir rétt til að senda erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

Endurskoðun á þessari persónuverndaryfirlýsingu

Persónuverndaryfirlýsing þessi getur frá einum tíma til annars tekið breytingum í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum og reglugerðum eða ef breytingar verða gerðar á því hvernig Læknafélag Íslands vinnur með persónuupplýsingar. Verði breytingar gerðar á persónuverndaryfirlýsingu þessari verður tilkynnt um slíkt á heimasíðu félagsins www.lis.is. Eftir að breytingar hafa verið gerðar á persónuverndaryfirlýsingu taka þær gildi þegar uppfærð útgáfa hefur verið birt.

Samþykkt á fundi stjórnar LÍ 4. apríl 2022.

Síðast uppfært í janúar 2022.